

## ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 34/2018

frá 9. febrúar 2018

### um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn (afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1961 frá 2. ágúst 2017 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 606/2009 að því er varðar tilteknar vínfræðilegar vinnsluaðferðir <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um vín. Ákvæði löggjafar um vín skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í 7. mgr. inngangsorða í bókun 47 við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) Bókun 47 við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirlið er bætt við 10. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009) í 1. viðbæti við bókun 47 við EES-samninginn:

„- **32017 R 1961**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1961 frá 2. ágúst 2017 (Stjtið. ESB L 279, 28.10.2017, bls. 25).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/1961, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. febrúar 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 279, 28.10. 2017, bls. 25.

(□) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2018.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

***Claude Maerten***

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING